# Héraðsmótum Sjálfstæðisflokksins lokið



Frá Höfn í Hornafirði



Jóhann Hafstein þakkar Ómari Ragnarssyni og Ragnari Bjarnasyni og hljómsveit hans frábært starf vegna héraðsmótanna.



Frá héraðsmóti á Akureyri

## Fjölsóttari en nokkru sinni fyrr



Hér má sjá í lokahófi héraðsmótanna þá Benedikt Stefánsson form. fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna og Unnstein Guðmundsson form. F.U.S. í A-Skaftafellssýslu.



Frá Raufarhöfn: Lárus Jónsson alþm., Ólafur Ágústsson verkstj., Halldór Blöndal blaðam., Karl Ágústsson kaupm., Jóhann Hafstein form. Sjálfstæðisflokksins, Jóhann Jónasson útgm. frá Þórshöfn.



Héraðsmót á Vopnafirði



Frá Hornafirði: Ingólfur Jónsson alþm., Þorsteinn Guðmundsson frá Reynivöllum, Egill Benediktsson frá Volaseli, Sverrir Hermannsson alþm., Egill Jónsson, Seljavöllum.

Á ÞESSU sumri hefur Sjálfstæðisflokkurinn efnt til 18 héraðsmóta víðs vegar um landið. Síðasta mótið var haldið sunnudaginn 13. ágúst á Höfn í Hornafirði. Aðsókn á mótin í heild var betri nú en nokkru sinni fyrr. Málflutningur forystumanna flokksins á mótunum hlaut góðar undirtektir, svo og skemmtidagskrá sú, er Ómar Ragnarsson og hljómsveit Ragnars Bjarnasonar önnuðust.

Héraðsmót Sjálfstæðisflokksins hafa verið fastur liður í starfi flokksins undanfarin ár, að undanskildum tveimur sl. árum, en þá féllu þau að mestu niður. Þeirra í stað voru haldnir almennir þjóðmálafundir. Nú voru héraðsmótin hins vegar haldin á ný og árangurinn er hvatning til aukins starfs.

Í félagsstarfi flokksins standa nú yfir þing kjördæmanna og munu þau haldin víðast um landið næstu vikurnar.

Hér á síðunni eru svipmyndir af síðustu héraðsmótum Sjálfstæðisflokksins.



Héraðsmót á Raufarhöfn



Stiginn dans á Eskifirði

